



MÓTAHANDBÓK 2010

Leiðbeiningar fyrir mótanefndir, dómara og forráðamenn klúbba







Efnisyfirlit	Síða
Framkvæmd móta	5
Umgjörð móts	
Uppsetning vallarins	7
Almennt	
Teigurinn	
Holustaðsetningar	
Æfingaflötin	
Mótsnefnd	9
Almennt	
Skráning	
Ræsing	
Leikhraði	
Frestun eða aflýsing vegna veðurs	
Verðlaunaafhending	
Annað	15
Keppnisskilmálar	
Staðarreglur	
Leikmenn og kylfuberar	
Dæmi um upplýsingar fyrir mót	
Hola í höggi	
Vallarmet	
Öryggi	

Inngangur

Þetta er 1.0 útgáfa af mótahandbók GSÍ sem ætluð er fyrir mótsnefndir og dómara í öllum stærri mótum klubbanna. Einnig er þessi handbók hjálpartæki mótshaldara við að skipuleggja og halda mót sem eru á vegum Gólf sambands Íslands.

Golf byggist á réttisýni kylfingsins. Kylfingar eru ábyrgir fyrir því að kunna golfreglurnar og beita þeim rétt. Samt sem áður er golf flókinn leikur og mót verður að skipuleggja vel. Handbók þessi ætti að vera leiðbeinandi og veita mótshöldurum ráðleggingar við að undirbúa, halda mót og klára þau.

Handbók þessi eru að miklu leyti unnin upp úr bókinni "Guidance on Running a Competition" frá R&A og "Vorgaben og Spielbestimmungen" frá Þýska gólf sambandinu. Einnig var stuðst við golfreglurnar 2008 - 2011.

Á vef GSÍ er að finna upplýsingar um allt sem viðkemur starfsemi GSÍ. Sérstaklega skal bent á upplýsingar um lög og reglugerðir á golf.is undir "Um GSÍ" og þar í útgefið efni. Einnig er hægt að nálgast þar nöfn dómara.

Skrifstofa GSÍ

Íþróttamiðstöðin í Laugardal
104 Reykjavík
Sími: 514-4050
Fax.: 514-4051
Netfang: gsi@golf.is
Vefsíða: www.golf.is

Framkvæmdastjóri:

Hörður Þorsteinsson
Sími: 514-4052
Farsími: 896-1227
Fax 514-4051
Netfang: hordur@golf.is

Formaður mótanefndar GSÍ:

Guðmundur Friðrik Sigurðsson
Heimasími: 555-1382
Farsími: 696-0202
Netfang: g.fridrik@is.eurorefund.com



Framkvæmd móta

Lög og reglugerðir GSÍ

Á vef Golfsambandsins er að finna móta og keppendareglur GSÍ og allar reglur sem varða mót. Klúbbum er sérstaklega bent á kynna sér vel þær breytingar sem gerðar eru á reglugerðum á golfþingi annað hvert ár en reglugerðirnar eru meðfylgjandi aftast í þessu riti.

Leiðbeiningar frá GSÍ

Á hverju ári sendir skrifstofa GSÍ tilkynningar í tölvupósti til klúbbanna sem nauðsynlegt er að taka mið af. Áframsending og dreifing til allra sem hlut eiga að máli er mikilvæg. Mikilvægt er að breytingar á netföngum séu tilkynntar til skrifstofu GSÍ þannig að upplýsingar berist til réttara aðila.

Upplýsingar

Klúbbar eru minntir á að setja mótið rétt upp í tölvukerfi sambandsins áður en opnað er fyrir skráningu. Skipa í mótsstjórn, birta rástíma á golf.is, hengja upp reglur um æfingahringi, keppnisáætlanir og staðarreglur. Æskilegt er að almennt upplýsingastreymi sé á töflu í klúbbhúsi og á heimasíðu klúbbsins. Skilgreina þarf móttökustað fyrir skorkort. Setja upp aðgerðaáætlun ef taka á skor úti á velli. Ákveða fjölda starfsmanna sem koma að mótinu. Kynna sér verðurspá fyrir mótsdaganna. Einnig bera að skapa sem besta aðstöðu fyrir fréttamenn.



Uppsetning vallar

Mikilvægt er að setja völlinn upp eins og hann var tekinn út í vallarmati þ.e.a.s. breyta heildarlengdinni sem minnst. Nánar er farið yfir uppsetningu á völlum á blaðsíðu 9 í þessari handbók.

Auglýsingar

Golfsambandið kynnr samstarfsaðila sína í formi skilta, teigmerkja, fána og á annan hátt sem sambandið ákveður. Þá er nauðsynlegt að merki GSÍ komi ávallt fram á öllu því efni sem útgefið er í sambandi við mótið og þegar það á við, merki samstarfsaðila GSÍ.



Samstarfsaðilar GSÍ

Lögð er áhersla á að klúbbarnir sem taka að sér GSÍ mót haldi merki samstarfsaðila á lofti. Framlag þeirra er mikið, ekki síst þáttur þeirra í kynningu mótanna. GSÍ og samstarfsaðilar leggja mikla áherslu á að auka verðmæti samstarfsins. Ekki er gert ráð fyrir að samstarfsaðilar þeirra golfklúbba sem halda mótin fái sérstaka kynningu á mótum GSÍ umfram þær hefðbundnu auglýsingar sem viðkomandi samstarfsaðilar eru með á völlum. GSÍ getur óskað eftir því að slíkar auglýsingar séu fjarlægðar eða byrgðar ef þær á einhvern hátt rýrra hlut samstarfsaðila GSÍ.

Mótsstjórn

Mótsstjórn ætti að tilgreina einn aðila sem er ábyrgur fyrir framkvæmd mótsins og umgjörð hans. Ábyrgðarmaðurinn stjórnar öllum aðgerðum og verður að vera til staðar. Þá verður að vera auðvelt að ná í hann símleiðis fyrir og eftir mót. Mikilvægt er að dómarmar og vallarstjóri geti leitað til hans, sem og aðrir.

Dómarar og mótsstjórn

Dómari og mótsstjórn skulu vera komnir á staðinn vel á undan keppendum. Dómari skal fullvissa sig um að völlum og allur aðbúnaður sé í lagi. Dómari þarf að hafa afnot af golfbíl og

Framkvæmd móta

hafa aðstöðu til að funda með mótsstjórn. Dómari þarf að vera aðgengilegur við ræsingu og fylgjast vel með leikhraða. Nánari upplýsingar um hlutverk golfdómara er að finna í sérstakri handbók fyrir dómara og eins eru hlutverk og skyldur golfdómara skilgreind í sérstakri reglugerð.

Aðstaða fjölmiðla

Starfsmönnum fjölmiðla þarf að skapa sem besta vinnuaðstöðu. Setja verður upp þráðlaust net í aðstöðu fjölmiðla. Einnig þurfa golfbílar að vera til afnota fyrir ljósmyndara og sjónvarp. Mikilvægt er merkja bílanna þannig að ekki fari milli mála að þetta séu fréttamenn. Þá er við hæfi að bjóða íþróttafréttamönnum uppá veitingar.

Eftir mót

Áður en verðlaunaafhending fer fram á mótum sem sett eru upp á golf.is er nauðsynlegt að gera mótið upp í tölvukerfi GSÍ. Í mótastjóra á golf.is er hnappur sem heitir "CSA leiðrétting". Öll 18 holu mót ber að reikna CSA og vista. Þegar þetta er gert er náð í nýjustu forgjafarupplýsingar hjá keppendum og mótið því gert rétt upp. Aldrei skal veita verðlaun með forgjöf fyrr en þetta hefur verið gert. Sama á við um 9 holu mót, nema að ekki reiknast CSA á þau. Þau eru þá gerð upp til hækkunar og lækkunar. Hægt er að ná í starfsmenn Gólf sambandsins í farsíma utan skrifstofutíma ef spurningar vakna.



Uppsetning vallarins

Það er mikilvægt að mótsstjórnin viti nákvæmlega hvernig þeir vilja láta kylfinga leika völlinn í ákveðnu móti. Mótsstjórnin ætti að sjá til þess að völlurinn sé settur upp í samræmi við vallarmat og þá raunlengd sem vallarmatið byggir á. Breyting á lengd vallar um 20 metra hjá körlum og 16 metra hjá konum getur skekkt vallarmatið um c.a. 0.1. Völlur sem er vel uppsettur lætur kylfinginn þurfa nota allar eða flest allar kylfur í pokanum. Í uppsetningu golfvallar fyrir mót eru nokkur atriði sem er mikilvægt að taka mið af. Í fyrsta lagi þeim hugmyndum sem golfvallahönnuðurinn notaðist við þegar hann skóp völlinn og hvernig hann sá fyrir sér að völlurinn yrði leikinn. Hvernig gerð af velli erum við með og hvaða hópur kylfinga er að fara keppa á vellinum.

Það ætti að vera markmiðið hjá vallarstjóra og mótsstjórn að hafa mjög svipaðar aðstæður frá fyrsta æfingadegi til síðasta dagsins í mótinu. Breytingar á uppsetningu vallar ættu ekki að eiga sér stað milli æfingahrings og fyrsta dags í móti og þá sérstaklega hvað flatir varðar.

Mótsstjórnin ætti að útnefna einn úr mótsstjórninni og gera hann ábyrgan fyrir að uppsetning vallarins sé í lagi. Hlutverk hans er að fara yfir staðsetningar á teigmerkjum, ákveða holustaðsetningar, sjá til þess að glompur séu rakaðar, flatir, brautir og teigar hafi verið slegnir. Hann þarf að fara yfir hvort völlurinn sé rétt merktur eins og til dæmis vallarmörk, vatnstorfærur og fleira.



Teigurinn

Almennt ættu teigmerki að vera eins aftarlega og reglur leyfa á æfingadögum þannig að kylfingar geti prufað hámarkslengd hversar holu. Einnig væri hægt að skipta holunum niður ef æfingadagarnir eru fleiri en einn. Bilið á milli teigmerkja ætti að vera 5-6 metrar og stefna á miðja braut eða á miðja flöt á þar þrjú holum. Það er líka ágætt regla

að merkja með úðabrusa staðsetningu teigmerkja ef þeim skildi verða stolið eða færð einhverja hluta vegna.



Holustaðsetningar

Mörg atriði hafa áhrif þegar leitað er að góðum holustaðsetningum, en fyrst og fremst ætti holustaðsetningin að verðlauna gott högg. Eftirfarandi atriði ætti að hafa í huga þegar holustaðsetningar eru ákveðnar.

a) Taktu með í reikninginn hvernig golfvallarhönnuðurinn sá fyrir sér að flötin yrði notuð. Sjáðu fyrir þér hvernig kylfingar nálgast flötina þ.e.a.s. hvað langt högg þeir þurfa að slá og hvaða möguleg áhrif veðrið mun hafa - vindur, regn og hvernig flötin heldur boltanum. Skoða þarf veðurspá vel fyrir mótsdagana og gera áætlun út frá henni. Ef útlit er fyrir rigningu ætti ekki að taka holu þar sem líklegt er að vatn safnist saman á flötinni.

b) Það ætti að vera hæfilega langt á milli holustaðsetningar og fremsta hluta flatar þannig að hægt sé að nálgast holuna úr líklegri fjarðlægd. Til dæmis ef höggið inn á flöt er langt og krefst þess að kylfingar noti lág járn eða brautartré ætti holustaðsetningin að vera innarlega og fyrir miðju. Fyrir styttri högg er hægt að færa sig meira út til hliðar eða fram og aftur á flötinni. Almennt ætti að hafa það fyrir reglu að minnst fjórir metrar þurfi að vera frá flatarkannti í holu. Ef glompa eða vatnstorfæra eru við flatarbrún þá ætti bilið að vera meira en fjórir metrar.

c) Athuga þarf vel svæðið í kringum holuna. Í tæplega eins meters radius í kringum holuna ætti flötina að vera eins slétt og hægt er. Ekki nálægt nýlega notuðum holustaðsetningum. Ef holustaðsetningin er í halla ætti að slá flötina þvert

Uppsetning vallarins

á hallann, þannig að kyllingur sem þarf að púttu niður hallann eigi möguleika á að stoppa boltann við holuna.

d) Það ætti að vera jafnvægi í því hvar holurnar eru staðsettar, framarlega, aftarlega, fyrir miðju eða til vinstri og hægri.

e) Þegar mót eru marga daga ætti uppsetning vallarins að vera í jafnvægi alla dagana og vera eins og mótsstjórn lagði til. Ekki ætti að reyna gera völlinn erfiðan einhvern daginn, heldur halda honum sanngjörnum og í jafnvægi. Ein leið til að ná jafnvægi á hverjum degi er að velja sex nokkuð erfiðar holustaðsetningar, velja aðrar sex sem væru meðal erfiðar og svo sex léttar holustaðsetningar. Einnig ætti að vera jafnvægi á að nota hægri eða vinstri hlið flatarinar. Til dæmis geta á fyrstu níu holunum verið fjórar holustaðsetningar hægra megin, fjórar vinstra megin og ein fyrir miðju. Seinni níu holustaðsetningar ættu að vera svipaðar fyrri níu.



f) Sjáðu fyrir þér gönguleiðir kyllinga á flötinni. Holustaðsetningar á fyrstu dögnum ættu ekki að vera þannig að gönguleiðir kyllinga af flötinni liggja ekki yfir holustaðsetningar sem verða seinna í mótinu.

Ef við tökum dæmi um fjöggra daga mót þar sem leiknar eru 72 holur þá gætum við útbúið áætlun um holustaðsetningar á eftirfarandi hátt. Veljum fjórar bestu holustaðsetningar á hverri flöt fyrir sig og tökum með í reikninginn hvaða hluti af flötinni ætti að vera notaður á hverjum degi. Gefum þessum fjórum holustaðsetningum númer, númer 1 ætti að vera erfiðasta staðsetningin, númer tvö ætti að vera næst erfiðust og svo framvegis. Næsta skref er að velja hvaða holustaðsetning


verður notuð á hvaða degi. Miðað við þau númer sem við gáfum hverri holustaðsetningu ætti samlagning á númerum (1-4) á öllum 18 holum vallarins að vera nálægt 45 til að jafnvægi sé á erfiðleika holustaðsetninga.

Æfingaflötin



Allar flatir ættu að hafa sama hraða á stimpmeter. Æfingaflötin verður að hafa sama hraða og sömu eiginleika og aðrar flatir á vellinum. Eins þarf hún að vera slegin eins og jafn oft og aðrar flatir á vellinum.

Allar upplýsingar um viðhald og umhirðu golfvalla fyrir vallarstjóra og vallarstarfsmenn er að finna á vefsíðu SÍGÍ, samtaka íslenskra golf- og íþróttavallastarfsmanna. SÍGÍ eru samtök sem stuðla að fagmennsku hjá félagsmönnum sínum og sér þeim fyrir sem bestum upplýsingum til að auðvelda þeim starf sitt á golfvöllum á Íslandi.



Samtökin kappkosta að halda úti vefsíðunni www.sigi.is með upplýsingum SÍGÍ og vistunar á aðsendu efni sem nýttist félagsmönnum.

Menntun og fagmennska er höfð í hávegi hjá samtökunum og áhersla er á miðlun upplýsinga milli félagsmanna.

Mótsnefnd

Almennt

Öll mót eiga að fylgja gildandi golfreglum. Nauðsynlegt er fyrir mótsnefndina að vera með nýjasta eintak af bókinni "Decisions on the Rules of Golf" til staðar ef upp koma atvik sem taka þarf á. En bók þessi útskýrir golfreglur og dæmi mjög vel og er mikilvægt verkfæri fyrir mótsnefndina til að styðjast við. Mótsnefndin þarf að athuga hvort golfklúbburinn eigi ekki eitt eintak af þessari bók. Leikmenn ætlast til þess að þeir fái eins sanngjarna meðhöndlun og golfreglurnar segja til um. Og það er einungis hægt ef stuðst ef við golfreglurnar á réttan hátt. Það er mjög auðvelt að koma óorði á mót sem er illa skipulagt.



Skráning

Það er ráðlegt fyrir mótsnefndina að upplýsa leikmenn vel hvernig skráningu er háttað í mótið. Þegar leikmenn skrá sig í mót á golf.is verða þeir að hafa aðgengi að upplýsingum um keppnisfyrirkomulag, skilmála, verð og svo framvegis.

Ræsing

Mótsnefndin ætti líka að tilnefna einn úr nefndini til að vera viðstadda ræsingu á leikmönnum og geta þar með aðstoðað leikmenn ef upp kemur ágreiningur um rástíma eða merkingar á bolta.

Eitt að hlutverkum ræsis er að sjá til þess að leikmenn byrji á þeim rástíma sem mótsnefndin var búinn að raða upp, og í högggleik að út deila skorkortum til leikmanna með dagsetningu og nafni leikmanns. En auðvitað eru fleiri atriði sem "ræsir" verður að framkvæma.

Fimm mínútum áður en rástíminn hefst á ræsirinn að kalla upp þá leikmenn sem eiga næst að hefja leik og biðja þá að koma á teiginn. Ef einhver leikmaður er ekki mættur á teig stuttu eftir að nafnið hans var kallað upp þá hefur ræsirinn smá tíma til að athuga hvar viðkomandi leikmaður sé.

Þegar leikmenn mæta á teig eiga þeir að fá skorkortin afhent og einnig þær upplýsingar sem ætlast er til að þeir þekki. Þar má nefna keppnisskilmála, staðarreglur. Ef dómari er ekki viðstaddur ræsingu þá ætti ræsirinn að benda leikmönnum á það að hámark fjórtán kylfur mega

vera í pokanum. Einnig kynna dómarrann og útskýra hvernig hægt er að ná í hann.

Þegar ráshópur á að hefja leik ætti ræsirinn að kynna leikmenn. Eins og t.d. "Næstur á teig, Jón Jónsson frá Golfklúbbi Furðuvíkur"



Í högggleik ætti ræsirinn að biðja með að ræsa út næst síðasta holið þangað til hann hefur séð tvo úr síðasta holi mæta. Það kemur í veg fyrir það að einn leikmaður verði eftir í síðasta holinu sem yrði þá að ræsa út með næst síðasta holi.

Ræsir ætti að fá verklista í hendurnar frá mótsnefnd til að fara eftir. Einnig er mikilvægt að ræsir sé snyrtilega klæddur og vel merktur þar sem hann er mjög sjáanlegur í mótinu og gefur leikmönnum og áhorfendum ákveðna ímynd af mótinu.

Ef veðurspáin fyrir mótisdagana er ekki góð ætti að sjá ræsi fyrir litlum skúr, tjaldi eða jafnvel bíl þar sem hann getur leitað skjóls í. Eftirfarandi hlutir verða að vera til staðar fyrir ræsi:

- Borð
- Golfreglubækur
- Skrifblokk
- Skorkortin með nafni og dagsetningu og eitt autt skorkort
- Keppnisskilmálar
- Staðarreglur
- Holustaðsetningar
- Önnur upplýsingablöð fyrir leikmenn
- Aðgangur að lista yfir leyfilega bolta og kylfur
- Klukkan sem ræst er eftir (á að sýna sama tíma og klukkan í klúbbhúsi, veitingasal
- Talstöð
- Varanlegur tússpenni til að leyfa leikmönnum að merkja boltann.

Mótsnefnd

Fyrir ræsa:

Halda fast við útgefna rástímaáætlun.

Kynna sjálfan sig og bjóða keppendur velkomna á mót GSÍ.

Spyrja keppendur hvort þeir hafi kylfurnar og láta þá fullvissa sig um að þær séu ekki fleiri en 14.

Afhenda staðarreglur, keppnissskilmála og fara yfir helstu reglur. (leikhraði).

Láta vita hvar framverðir eru staddir og hvaða merki þeir nota.

a. Rautt flagg: ekki óhætt að slá og ráðleggja varabolta

b. Hvítt eða grænt flagg: óhætt að slá og bolti auðfínanlegur eða á braut.

Biðja keppendur um að gefa upp tegund og númer á bolta sínum. Þeir verða að láta keppendur vita ef skipt er um bolta.

Afhenda keppendum skorkortin og láta þá víxla þeim strax.

Fara yfir rásröð og kynna þann leikmann sem á að slá fyrstur. Þegar hann hefur lokið sínu höggi kynna þann næsta og s.frv. Athugið látið hollíð ekki byrja fyrir útgefinn rástíma.

Óska keppendum góðs gengis.

Úthlutun og skil á skorkorti

Í höggleik er nefndin ábyrg fyrir því að úthluta hverjum keppanda skorkorti, með dagsetningu og nafni hans. Hún er einnig ábyrg fyrir samlagningu á skori og heimfærslu þeirrar forgjafar sem skráð er á skorkortið. Þess vegna er mikilvægt fyrir mótsnefnd að sjá til þess að sá aðili sem tekur við skorkortum sé meðvitaður um ábyrgðina sem því fylgir. Því ef skorkort týnist eða önnur mistök henda þá getur það haft leiðindi í för með sér sem geta skemmt mótið.

Fyrir starfsfólk sem tekur við skorkortum:

Spyrja leikmanninn hvort hann hafi farið yfir skorið á öllum holum.

Spyrja leikmanninn hvort hann hafi einhverjar spurningar varðandi golfreglurnar.

Athugaðu hvort leikmaður og skrifari hafi undirritað skorkortið.

Bentu leikmanni á það að hann geti beðið á skrifstofunni meðan farið er yfir skorkortið.

Sláðu skorið strax inn á golf.is

Leikhraði

Það er hagrur allra og skylda hvers leikmans að leika á eðlilegum hraða. Það getur eyðilaggt daginn ef leikmenn sem leika framarlega í rásröðinni leika of hægt. Þar af leiðandi ætti mótstjórn að gera allt sem í hennar valdi stendur til að halda leikhraða uppi og samkvæmt tímarömmum.

Regla 6-7 tekur á leikhraða. Þar er sett sem skilyrði að "Leikmaðurinn verður að leika án óhæfilegrar tafar og samkvæmt sérhverjum þeim viðmiðunarreglum um leikhraða sem nefndin kann að setja fram". Vít fyrir brot á reglu 6-7 er holutap í holukeppni og tvö högg í höggleik, og fyrir ítrekað brot, frávísun. Í athugasemdum 2 undir reglu 6-7 segir:



Nefndin má, til þess að fyrirbyggja slór við leik, setja í keppnissskilmálum (regla 33-1) fram viðmiðunarreglur um leikhraða, með hámarkstíma leyfðum til að ljúka fyrirskipaðri umferð, holu eða höggi.

Nefndin má í höggleik aðeins, breyta í slíkum skilmála víti fyrir að brjóta reglu þannig:

Fyrsta brot - eitt högg

Annað brot - tvö högg

Þriðja brot - frávísun

Leikhraðaskilmálar fyrir almennan leik

Það er hlutverk mótstjórnar að útbúa tímaramma fyrir mótið til að gera sér grein fyrir mögulegum leikhraða.

Sem dæmi þá er hægt að útbúa lista þar sem fram kemur hversu langan tíma það tekur að spila hverja holu á vellinum. (Reynslan kennir okkur að sumar holur spilast hægar en aðrar, holustaðsetning getur hér skipt máli auk annara aðstæðna).

Eins er hægt að skrá á skorkortin hvenær sé æskilegt að leikmenn séu komnir á ákveðna holu. (til dæmis á þriggja holu fresti).

Þegar þær aðstæður koma upp að ráshópur fer fram yfir þennan fyrirframgefna tíma og er kominn afturúr á vellinum, (sjá viðauka G, skýring á "out of position"), fá allir leikmenn í ráshópnum víti.

Sem dæmi getur mótstjórn ákveðið að ráshópur með þremur leikmönnum eigi að vera hámark tvo tíma með níu holur, en ef þeir fari fram yfir þau mörk, þá fái allir leikmenn ráshópsins víti. Séu þeir enn á eftir áætlun eftir 18 holur fái þeir aftur tvö högg í víti.

Vandamálið við að framfylgja þessari reglu er að sá sem leikur hægt í ráshópnum er ekki sérstaklega víttur, heldur gengur þetta yfir allan ráshópinn. Þannig verða leikmenn sem leika hratt fyrir því að fá á sig víti án þess að hafa í nokkru brotið regluna um leikhraða. Hinsvegar verður slík regla til þess að þeir sem leika hratt hvetja þann sem leikur of hægt til að hraða á sér svo forðast megi vítishöggin.

Þegar mótstjórn ákveður hæfilegan tíma fyrir leikinn hring, er rétt að taka tillit til þess hverjir eru að leika. Unglingar leika hraðar en öldungar osfrv. Atvinnumenn hafa aukið svigrúm því þeir eru að leika fyrir lífibrauði sínu.

Töf á leikhraða er ekki alltaf sök leikmanna. Mótstjórnin getur með því t.d. að senda ráshópa út með of stuttu millibili valdið því að stíflur myndast. Það er mikilvægt að mótstjórnin hafi nógu langt bil milli ráshópa svo ekki myndist óeðlilegar tafir. Það er ekki óalgengt að setja inn bil í rás með reglulegu millibili (rástími án ráshóps) til að létta á álaginu.

Leikhraðaskilmálar fyrir almennan leik

Það er skiljanlegt að mismunandi sjónarmið ríki meðal golfklúbba, almenningsvalla, ferðamannastaða og skipuleggjenda golfmóta um það hvað sé viðunandi leikhraði og hvað ekki. En það er staðreynd að slór við leik dregur úr ánægjunni af leiknum fyrir marga kylfinga, og fáir kylfingar

heyrast kvarta yfir of hröðum leik.

Á öllum stigum leiksins er það því skylda leikmanna og stjórnenda að tryggja að golfið sé leikið á góðum hraða og á þeim hraða sem hæfir fyrir völlinn sem leikinn er. Þættir sem geta haft áhrif á hvað teljist eðlilegur hraði geta verið hve völlurinn sé erfiður, vegalengdir milli flata og teiga, veðurfarið og hversu leiknir kylfingarnir á vellinum almennt eru.

Þar að auki er nauðsynlegt að gera nokkurn greinarmun á golfi sem leikið er sem tómsundaiðkun, og golfi sem leikið er af hinum færustu í íþróttinni þar sem taka þarf ákveðið tillit til þess að þeir sem leika hafa það að atvinnu.

Í leik hinna færustu verða stjórnendur á vellinum sem geta fylgst með leikhraða og framfylgt ströngum ákvæðum sem ná yfir leyfð tímamörk leikhópa fyrir leik hvarholu og að sæta tímamælingu fyrir stök högg, að viðlagðri hættu á viðurlögum séu þeir ekki innan tímamarka.

Það er ekki raunhæft að taka upp slík ákvæði fyrir "eðlilegan" leik og því ættu ráðamenn að treysta á góðar venjur og samvinnu við leikmenn til að viðhalda eðlilegum leikhraða.

Hvað þetta varðar er það áriðandi fyrir ráðamenn að setja markmið um leiktíma fyrir umferð. Svo sem fram kemur hér að framan finnst engin algild regla um hæfilegan leiktíma umferðar en það er áriðandi að sett markmið séu raunhæf, án þess þó að slaka um of á kröfunum..

Sem viðmiðun, ætti tveggja bolta umferð yfirleitt ekki að taka meira en 3 stundir og 10 mínútur; þriggja bolta ætti ekki að taka meira en 3 stundir og 30 mínútur og fjögurra bolta ekki meira en 3 stundir og 50 mínútur.

Reyndar ætti styttri tími fyrir umferð að vera markmið allra leikmanna, þar sem því verður við komið.

En svo sem fyrr var getið skal það einnig viðurkennt að atriði svo sem skipulag vallar og lofthiti geta gert lengri tímamörk nauðsynleg og ráðamenn ættu að hafa það í huga.

Hafi slór við leik orðið vandamál hjá þínum klúbbi, golfvelli eða sumardvalarstað ætti að grípa til ákveðinna og afgerandi aðgerða til að leysa vandamálið.

Leikhraðaskilmálar fyrir almennan leik

Hvað ráðamenn geta gert sem stuðlar að lágmarkun leiktíma umferðar

Ofhlaðið ekki völlinn með of litlu bili á milli rástíma. Fyrir tveggja bolta ráshópa ættu að vera minnst 8 mínútur á milli rástíma og fyrir þrjá eða fjóra bolta ætti bilið að vera minnst 10 mín.

Sé það mögulegt ættu að vera aukabil á milli rástíma á vellinum svo rýma megi fyrir vegna tafa sem komið hafa upp.

Hvetjið leikmenn til að velja teiga sér við hæfi og biðjið ræsinn að leiðbeina leikmönnum hvað þetta varðar áður en þeir hefja umferð.

Grasvöxt í óslægju fyrir almennan leik á vellinum ætti að takmarka svo forðast megi fjölda týndra bolta.

Holustaðsetningar fyrir almennan leik ættu hvorki að vera of erfiðar né of mikil hraði á flötum.

Bendið leikmönnum á hver eðlilegur leiktími fyrir umferð á vellinum sé og minnið þá á ábyrgð sína hvað varðar leikhraða, þ.e. að fylgja eftir leikhópnum á undan og leyfa þeim leikhópnum sem hraðar fara að fara framúr.

Hvað leikmenn geta gert til þess að lágmarka leiktíma umferðar:

Fylgist með stöðu ykkar með tilliti til leikhópsins á undan

Hafið ekki áhyggjur af leikhópnum á eftir; sú staðreynd að þið séuð ekki að tefja hann skiptir engu þar sem ábyrgð ykkar leikhóps er að fylgja eftir leikhópnum á undan

Finnist þér að leikhópur þinn sé að dragast aftur úr láttu þá hina leikmennina í hópnum vita.

Sé ykkar leikhópur að dragast aftur úr reynið þá að ná hinum sem fyrst.

Dragist þið heila holu aftur úr og tefjið leikhópinn á eftir, eða að enginn leikhópur er á undan ykkur og þið tefjið hópinn á eftir, bjóðið þá hópnum á eftir að fara fram úr.

Biðdu ekki með að klæðast golfhanskanum þangað til það kemur að þér að leika.

Biðdu ekki þar til það kemur að þér að leika með að reikna fjarlægðina og velja þér kylfu. Skoðuðu púttlínuna þína á meðan aðrir í leikhópnum skoða sína (innan marka eðlilegra siðareglna). Við flötina skuluð þið skilja golfpokana eftir þannig að það flýti för frá flötinni að næsta teig. Víkið af flötinni strax og allir leikmenn í leikhópnum hafa leikið í holu; færið á skorkortin á næsta teig eða á leiðinni þangað.

Leiktu varabolta ef boltinn þinn gæti verið týndur utan vatnstorfæru eða út af.

Fylgið þið vel eftir leikhópnum á undan er ekki unnt að ásaka ykkur um slór við leik.

Eftirfarandi eru dæmi um leyfðan hámarkstíma hjá golfklúbbi furðuvíkur.

Leikhraði - Leyfður hámarkstími fyrir 3 bolta

HOLA	1	2	3	4	5	6	7	8	9	ÚT
PAR	4	4	4	5	3	5	4	3	4	36
HÁMARKSTÍMI LEYFÐUR	15	14	14	17	12	17	15	11	15	
HÁMARKSTÍMI ALLS	0.15	0.29	0.43	1	1.12	1.29	1.44	1.55	2.1	

HOLA	10	11	12	13	14	15	16	17	18	INN
PAR	4	4	4	4	3	4	5	3	4	35
HÁMARKSTÍMI LEYFÐUR	16	17	15	15	11	16	17	12	16	
HÁMARKSTÍMI ALLS	2.26	2.43	2.58	3.13	3.24	3.4	3.57	4.09	4.25	

Leikhraði - Leyfður hámarkstími fyrir 2 bolta

HOLA	1	2	3	4	5	6	7	8	9	ÚT
PAR	4	4	4	5	3	5	4	3	4	36
HÁMARKSTÍMI LEYFÐUR	12	12	12	15	10	15	13	9	12	
HÁMARKSTÍMI ALLS	0.12	0.24	0.36	0.51	1.01	1.16	1.29	1.38	1.5	

HOLA	10	11	12	13	14	15	16	17	18	INN
PAR	4	4	4	4	3	4	5	3	4	35
HÁMARKSTÍMI LEYFÐUR	14	15	12	13	9	13	15	10	14	
HÁMARKSTÍMI ALLS	2.04	2.19	2.31	2.44	2.53	3.06	3.21	3.31	3.45	

Frestun eða aflýsing vegna veðurs

Frestun eða aflýsing á móti vegna veðurs

Mótanefnd verður að vera undir það búin að takast á við vont veður. Mikilvægt er að allir, leikmenn, aðstoðarfólk og mótstjórnendur þekki þau merki sem gefin eru til að fresta eða stöðva leik. Það er hlutverk mótanefndar að koma því skýrt á framfæri hvaða merki eru gefin s.s, hljóðmerki eða ekið um með fána o.s.frv. Reglan er sú að leik er frestað eða hætt, sé völlum óleikhæfur. Dæmi:

- Boltinn helst ekki með eðlilegum hætti á flötunum vegna mikils vinds
- Allt í kringum holuna er aðkomuvatn og ekki hægt að pútta nema yfir polla
- Snjór eða ís liggur yfir meirihluta af vellinum
- Vindur er svo sterkur að hann nefndin telur óleikhæft (matsatriði mótanefndar).

Venjulega er viðmiðið um boltann á flötinni látið ráða, en flatir eru oft það hátt skornar, að jafnvel í mjög sterkum vindi helst boltinn á flötinni. Telji mótanefnd að vindur sé svo sterkur að ekki sé leikhæft ástand, getur hún frestað leik. Hér er mikilvægt fyrir nefndina að vera samkvæm sjálfum sér og láta ekki leik halda áfram og vonast til að veður lægi. Sé það mat nefndarinnar að ekki sé leikhæft þá stundina, skal hún fresta leik, óháð því hvar menn eru á vellinum eða hversu mikið/lítið er eftir af leikinni umferð.

Þegar miklar og sterkar skúrir koma, má með auðveldum hætti gera völlum leikhæfan á stuttum tíma. Lokist holar vegna polla, má fara með sköfur og handklæði og þurka upp svæðin í kringum holurnar svo leikur geti haldið áfram. Í þeim tilfellum er ekki nauðsynlegt að kalla alla leikmenn inn, en gera má stutt hlé á leik meðan á þessu stendur.

Sé rigningin stöðug og völluminn mjög blautur fyrir þarf að bregðast strax við ef hola eða holar fara undir aðkomuvatn. Þegar leikinn er holukeppni má mótanefnd leggja það til að tekin sé önnur hola á flötinni svo hægt sé að halda leik áfram. Þetta gildir ekki um högggleik eftir að umferð er hafin og holar hefur þegar verið spiluð (nema holar skemmist, sjá reglu 33-2b). Þá verður að fresta leik. Leikur getur ekki hafist aftur fyrr en flötin/flatirnar eru orðnar leikhæfar aftur.

Það er góð vinnuregla að sjá til þess að vallarstarfsmenn séu undir það búinir að takast á við þessi vandamál í mótinu. Með því að sjá til þess að þeir séu með sköfur tilbúnar, má á stuttum tíma koma óleikhæfum flötum í leikhæft ástand.



Það eru tvær meginreglur sem fylgja verður þegar aðkomuvatn liggur á flötum: ef boltinn liggur á flötinni og aðkomuvatn liggur á leið, má leikmaður

- fá lausn samkvæmt reglu 25-1b, eða
- láta hreinsa vatnið úr línunni (skafa eða þurka upp)

Athugið þegar línun er skafin á að framkvæma það þannig að það sé skafið þvert á línuna, ekki samsíða eða með línunni og það á að skafa fram fyrir holuna í eðlilega lengd.

Telji nefndin að það hjálpi til við að halda mótinu gangandi, má hún leggja til að báðar lausnir séu teknar, þ.e. lína hreinsuð og boltinn færður (sjá reglu 25-1b (iii)). Einnig er rétt að geta þess að nefndin getur beðið um hjálp leikmanns og kylfusveins til að hreinsa aðkomuvatnið af flötinni. (sjá Dícision 33/1).

Komi upp sambærileg vandamál á teigum, mælum við með því að notuð séu handklæði til að þurka upp vatnið þar sem hæð grasins torveldar notkun á sköfum.

Jafnvel þótt það sé hlutverk mótanefndarinnar að halda mótinu gangandi, þá má það aldrei vera á kostnað öryggis leikmanna. Eldingahætta er fátíð á Íslandi og því ekki mörg dæmi um að leik hafi verið frestað vegna eldingahættu. Komi sú staða upp verður að tæma völluminn tafarlaust.

Hinar dæmigerðu íslensku aðstæður sem kalla á frestun eða að umferð sé feld niður, er mikill vindur

Frestun eða aflýsing vegna veðurs

og rigning. Kuldi getur líka haft áhrif á ákvörðun nefndarinnar.

Dæmi: Í lokamóti unglingamótaraðarinnar á Kiðjabergi 2007 voru aðstæður þannig að ekki var hægt að spila golf með góðu móti. Vindur var mikill og það rigndi stöðugt. Hitinn var c.a. 2 gráður. Boltinn hefði haldist á flötinni vegna þess að þær voru svo þungar af vatni, en samt var ekki það mikið vatn á flötunum að þurft hefði að skafa. Það var því kalt mat nefndarinnar að ekki væri leikhæft. Fyrst var leik frestað og tilkynning þess efnis hegnd upp í klúbbhúsinu og frétt sett inn á golf.is. Einnig var útséð að það næðist ekki að ræsa ákveðna hópa út var hætt við umferðina þann daginn. Það var tilkynnt á sama hátt. Daginn eftir lá snjór yfir vellinum og völlurinn því ekki leikhæfur. Mótið var því í heild sinni fellt niður.



Í reglu 6-8b er viðhengi þar sem segir: “nefndin getur sett inn í keppnisskilmála (33-1), að ef aðstæður eru metnar hættulegar, verður að hætta leik strax og merkin eru gefin. Ef leikmaður fer ekki eftir þessu og heldur áfram leik fær hann frávísun eða víti samkvæmt reglu 33-7”.

Setji nefndin þetta ákvæði í skilmálana, tekur það yfir reglu 6-8B. Þessi ákvæði eru notuð í öllum mótum R&A. (sjá í bresku útgáfu reglubókarinnar Appendix I, bls. 137)

Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir muninum á högguleik og holukeppni þegar hætta verður leik vegna veðurs eða hættuástands. Í holukeppni fellur umferðin ekki niður, það verður að halda leik áfram á 7. holu hafi leikurinn verið stöðvaður eftir þá 6. Staðan eins og hún var þegar leik var frestað stendur.

Í högguleik hefur nefndin þann möguleika að fella

niður umferðina í heild sinni eða láta leik halda áfram þar sem hann var stöðvaður. Meginreglan er sú að leikur skuli stöðvaður, boltinn merktur (eða látinn vera) þar sem hann liggur og leikmenn fara með sín áhöld í klúbbhúsið. Þar bíða menn eftir því að leikur hefist að nýju.

Það er engin regla til um það hvenær leik skuli frestað eða hætt, en nefndin þarf að meta það hvort það sé mjög ósanngjarnt að láta hætta, eða ekki.

Dæmi: Veður er slæmt en nefndin telur ástand leikhæft. Síðan versnar veðrið og nefndin telur að það sé óleikhæft. Það væri ósanngjarnt að fella ekki niður alla umferðina. (sjá dicsion 33-2d/1).

Verði völlurinn óleikhæfur eða veður er mjög slæmt, ætti nefndin að halda eins mörgum möguleikum opnum til að geta klárað mótið.

Taka verður tillit til dagsbirtu, þ.e. hversu lengi er hægt að spila frameftir og hversu snemma er hægt að byrja ræsingu næsta dag. Stundum er hægt að láta hluta leikmanna klára snemma næsta dag hafi umferð verið frestað. Þetta verður nefndin að meta í hvert skipti fyrir sig.

Í sveitakeppnum er það ekki óalgengt að það sé ekki hægt að klára allar umferðir vegna veðurs. Mælum við með því að nefndin lesi Appendix 1, en þar er að finna hugmyndir um lausn á slíkum aðstæðum.



Verðlaunaafhending

Ef mót er sett upp á golf.is skal ekki veita verðlaun með forgjöf fyrir en mótið hefur verið gert upp. Með því að gera mótið upp er gengið úr skugga með að allar forgjafarupplýsingar keppenda séu réttar miðað við þann dag sem hann skráði sig í mótið.

Keppnis skilmálar

Eftirfarandi er dæmi um keppnisskilmála, ásamt viðbótum og breytingum sem ættu að vera birtir á hverjum keppnisstað af mótsstjórn.

1. Þátttökuréttur

Keppt skal samkvæmt Reglugerð ... og Móta- og keppendareglum GSÍ (Golfþing nóvember 2007).

2. Leyfilegar kylfur

Sérhvert teigtré (driver) sem leikmaður er með verður að vera með kylfuhous, skilgreindan sem gerð og með fláa svo sem skráð er á gildandi lista R&A yfir löglega kylfuhousa.

Undantekning: Teigtré (drivers) með kylfuhous sem var framleiddur fyrir 1999 eru undanþegin þessum skilmála.

Aths: Uppfærður listi yfir gildandi kylfur er birtur reglulega á vef R&A (www.randa.org)

3. Leyfilegir boltar

Boltinn sem leikmaður notar verður að vera af tegund skráðri í gildandi skrá frá R&A yfir löglega golfbolta.

Aths: Listi yfir löglega bolta er birtur reglulega á vef R&A (www.randa.org)

4. Leik frestað vegna þess að hætta steðjar að

Þegar nefndin frestar leik vegna hættuástands og leikmenn í holukeppni eða riðli hafa lokið leik um holu, mega þeir ekki hefja leik aftur fyrr en nefndin hefur ákveðið svo. Séu þeir að leika að holu verða þeir strax að hætta leik og hefja hann ekki aftur fyrr en nefndin ákveður svo. Hætti leikmaður ekki leik strax sætir hann frávísun nema aðstæður réttlæti niðurfellingu vísinsins svo sem regla 33-7 leyfir. Merki er gefið um að hætta leik vegna hættuástands með löngum blæstri vélflautu".

Hættið leik strax: Samfelld langt hljóðmerki vélflautu.

Hættið leik: Þrjú hljóðmerki vélflautu, endurtekin.

Hefjið leik aftur: Tvö stutt hljóðmerki vélflautu, endurtekin.

5. Golfkerrur

Heimilt er að nota rafknúna golfkerrur.

6. Akstur

Leikmenn mega ekki ferðast á eða í neinu afbrigði farartækis á meðan fyrirskipuð umferð er leikin nema að nefndin leyfi.

Holukeppni - holutap. Höggleikur - tvö högg. Gildir um hverja holu sem brotið á við. (Dec. 33-1/8)

7. Leikhraði (Athugasemd 2 við reglu 6-7)

Hámarkstími til að ljúka umferð eru 4 klst. og 20 mín. fyrir þriggja manna ráshóp. Haldi ráshópur ekki í við næsta ráshóp á undan svo nemi einni auðri braut mun dómari aðvara leikmenn svo að þeir nái að halda í við næsta ráshóp. Nái leikmenn ekki að bæta leikhraða sinn innan tveggja hola skal dómari mæla leikhraða. Eyði leikmaður meira en 45 sekúndum frá því að hann telst tilbúinn að slá bolta sinn og þar til hann greiðir högg skal hann sæta víti samkvæmt reglu 6-7. Víti fyrir brot á reglu 6-7:

Holukeppni: Holutap.

Höggleikur: Fyrsta brot eitt högg, annað brot tvö högg, seinna brot frávísun.

8. Kylfusveinar

Kylfusveinar keppenda skulu klæðast vestum merktum mótaraðinni óski mótstjórn þess og keppendi ber ábyrgð á að skila vestinu um leið og skorkorti síðustu umferðar er skilað. Víti fyrir brot á skilmála: Frávísun

9. Golsiðir

Mótsstjórn áskilur sér fyllsta rétt til að refsa fyrir brot á siðareglum, svo sem fyrir truflun vegna hávaða eða notkunar síma og annarra rafeindatækja. Refsing verður þá samkvæmt lokagrein siðareglna og leikreglu 33-7.

Keppandi skal koma heiðarlega og drengilega fram við keppinauta sína og eigi beita óleyfilegum brögðum. Hann skal sýna dómurum og starfsmönnum mótsins tilhlýðilega virðingu og eigi fara niðrandi orðum um þá eða áhorfendur.

Brjótí keppandi eitthvað af framanskraðu, á hann á hættu að vera vikið úr keppni. (úr Móta- og keppendareglum GSÍ, 10. gr).

10. Skorkorti skilað

Skorkorti telst skilað, þegar leikmaður hefur afhent fulltrúa nefndarinnar skorkortið og yfirgefið svæðið sem til þess er ætlað.

13. Hvernig jafntefli er leyst

Upplýsingar um hvernig jafntefli skuli leyst verða birtar á mótsstað.

14. Birting úrslita

a) Holukeppni

Úrslit holukeppni teljast gild og endanleg þegar úrslitin hafa verið skráð á skortöflu.

b) Höggleikur

Þegar sigurvegari hefur fengið afhent verðlaun.

Staðarreglur

Eftirfarandi er dæmi um staðarreglur, ásamt viðbótum og breytingum sem birtar verða á hverjum keppnisstað af mótssjórn.

1. Vallarmörk (Regla 27-1)

Bolti er útaf þegar hann hafnar;

- 1) handan girðingar, veggjar eða hvítra hæla sem afmarka völlinn,
- 2) handan hvítrar vallarmarkarlínu eða er allur á henni,
- 3) í eða handan skurðar, stígs, stéttar eða byggingar, sem afmarkar völlinn,

Aths. Bolti er útaf þegar hann liggur allur á eða utan "línu" sem dregin er vallarmegin niðri við jörðu við slútandi vegg eða stikur sem afmarka völlinn.

2. Vatnstorfætur (að meðtöldum hliðarvatnstorfætur) (Regla 26)

Vatnstorfætur eru merktar með gulum hælum eða gulum línunum. Hliðarvatnstorfætur eru merktar með rauðum hælum eða rauðum línunum.

Aths. Séu bæði stikur og línur notaðar til að merkja vatnstorfætur, auðkenna stikurnar torfæruna en línurnar skilgreina mörk hennar. Þegar mörk vatnstorfæru eru skilgreind með línu á jörðinni er línun sjálf innan hennar.

3. Grund í aðgerð (Regla 25-1)

- a) Svæði merkt með bláum línunum eða bláum hælum
- b) Bláir hælur með hvítum toppi, marka grund í aðgerð þaðan sem leikur er bannaður úr
- c) hvert það skemmt svæði sem nefndin eða tilnefndur fulltrúi hennar metur svo.

4. Samskeyti skorinna graspakna

"Samskeyti skorinna graspakna á leið (en ekki þökurnar sjálfar) teljast grund í aðgerð. En truflun vegna samskeytanna á stöðu leikmannsins telst ekki sem slík truflun samkvæmt reglu 25-1. Liggja boltinn í eða snerti samskeytin, eða þau trufla fyrirhugað sveiflusvið, fæst lausn samkvæmt reglu 25-1. Öll samskeyti innan svæðis skorinna graspakna teljast hluti sömu samskeytanna.

5. Óhreyfanlegar hindranir (Regla 24-2)

- a) Jarðfastir steinar á snöggslegnu svæði á leið
- b) Ofanáliggjandi varanlegar vatnslagnir
- c) Vatnskranar og vökvunarbúnaður.
- d) Fjarlægðarmerkingar
- e) Bekkir, ruslafötur og kúlu-þvottastandar.

6. Hluti vallar

Sértæk ákvæði verða birt á mótssstað fyrir keppni

7. Steinar í Glompum

"Steinar í glompum eru hreyfanlegar hindranir. (regla 24-1 gildir)."

8. Kylluför á flötum

"Kylluför á flötum hafa sömu stöðu og gamlir holutappar sem má lagfæra samkvæmt (reglu 16-1c)

9. Glompukantur

Hlaðinn torfkantur glompu, þó graslaus sé, telst ekki snöggslegið svæði (Regla 25-2)

10. Skammtíma óhreyfanlegar hindranir

Sýnishorn af staðarreglu í Golfreglubókinni ásamt viðbótum eða breytingum sem birtar verða á mótssstað munu gilda - sjá blaðsíðu 80-82

11. Skammtíma raflínur og kaplar

Sýnishorn af staðarreglu í Golfreglubókinni er í gildi - sjá blaðsíðu 82

12. Fjarlægðarmælar

Einungis má nota fjarlægðarmæla ef það er heimilað í staðarreglum á mótssstað. GSÍ mælir með því að fjarlægðarmælar séu leyfðir en það er á valdi mótssnefndar hvers móts að virkja þessa heimild.

Sýnishorn af staðarreglu:

"Í þessari keppni" eða "Við allan leik á vellinum", o.s.frv.) má leikmaður afla sér upplýsinga um fjarlægð með því að nota tæki sem mælir fjarlægð aðeins. Ef, á meðan fyrirskipuð umferð er leikin, leikmaður notar tæki sem er hannað til að mæla eða meta aðrar aðstæður sem gætu haft áhrif á leik hans (s.s. halla, vindhraða, hitastig, o.s.frv.) er leikmaðurinn brotlegur við reglu 14-3 en víti fyrir það er frávísun, án tillits til hvort slík viðbótarhlutverk tækisins voru hagnýtt í raun.

Leikmenn og kylfubera

Af gefnu tilefni er hér áréttuð ábyrgð leikmanns og hlutverk kylfubera.

Til Leikmanns

1. Regla 6-1. Leikmaðurinn og kylfuberi hans eru ábyrgir fyrir að kunna reglurnar. Á meðan fyrirskipuð umferð er leikin hlýtur leikmaðurinn viðeigandi víti fyrir sérhvert reglubrot kylfubera síns.



2. Vertu snyrtileg(ur) til fara.

3. Mættu tímanlega á teig.

4. Berðu virðingu fyrir meðspilurum og komdu heiðarlega fram við aðra leikmenn. Hafðu hugfast að þú spilar fyrir klúbbinn þinn og átt að vera honum til sóma.

5. Leiktu án tafar og kallaðu til dómara ef vafaatriði koma upp.

6. Yfirfarðu skorkort vandlega að leik loknum og afhentu það mótstjórni eins fljótt og unnt er. Leikmaður ber ábyrgð á eigin skori.

7. Þegar slegið er má leikmaður ekki:

a. Þiggja áþreifanlega aðstoð eða skjól fyrir höfuðskepnunum

b. Leyfa kylfubera sínum, samherja eða kylfubera hans að taka sér stöðu á eða nærri framlengdri leiklínu, púttlínu bak við boltann eða horfa í gegnum sveifluferil.

8. Í högggleik er meðkeppendum ætlað að gæta hagsmuna annara keppenda í mótinu. Sem ritari ber þér að fylgjast nákvæmlega með skori þess keppanda sem þú ritar fyrir og ættir að skrá það

jafnóðum holu fyrir holu. Leikmenn skulu veita starfsmönnum mótsins upplýsingar um skor þegar eftir því er leitað.

Almennt víti fyrir brot á golfreglu eru 2 högg í víti. Alvarleg brot geta varðað frávísun.

Til Kylfubera

9. Kylfuberi má auk þess að bera/draga útbúnað leikmanns, aðeins veita honum ráð samkvæmt Golfreglum. Önnur afskipti eru óheimil.

Kylfuberi skal aldrei hafa orð fyrir keppanda og skal halda öllum samskiptum við aðra keppendur í algjöru lágmarki. Kylfuberi og leikmaður hans geta að sjálfsgöðu ráðfært sig hvor við annan um einstök atvik í leikhópnum á hófstílltan og lítið áberandi hátt en það er ávalt kylfingur sem tjáir sig við aðra keppendur. Höfum það hugfast að golfleikur krefst mikillar einbeitingar og að minnsta áreiti getur komið keppenda úr jafnvægi. Brot á framangreindu geta leitt til brottvikningar kylfubera eftir aðvörum dómara.

10. Kylfuberi keppenda skal klæðast vesti merktu mótariðinni óski mótstjórni þess. Keppandi ber ábyrgð á að skila vestinu um leið og skorkorti síðustu umferðar er skilað.

Víti fyrir brot á skilmála: Frávísun keppanda.



Að fagna glæsilegu höggi er góður siður.

Mótsstjórn

Dæmi um upplýsingar fyrir mótaröð unglunga

Leikfyrirkomulag

Höggleikur í unglungaflokki í forgjafarkeppni, 36 holar skulu leiknar, 18 holar fyrri dag mótsins og 18 holar þann síðari. Keppt skal samkvæmt gildandi Reglugerð um Stigamót unglunga og Móta- og keppendareglur GSÍ.

Laugardaginn, 22. ágúst 2009 1. Hringur Rástímar: 07:30 - 09:20, 12:00 – 13:50
Sunnudaginn, 23. ágúst 2009 2. Hringur Rástímar: 07:30 - 09:20, 12:00 – 13:50

Rástímar og ráshópar

Rástímar verða birtir á golf.is á miðvikudeginum klukkan 12:00.

Ræst verður út í tveimur hópum af 1. og 10. teig með 10 mínútna millibili. Fyrri hópurinn frá klukkan 07:30 og sá seinni byrjar klukkan 12:00. Á fyrri keppnisdegi er keppendum raðað af handahófi á rástíma en seinni daginn verður raðað út eftir skori.

Páttökurréttur

Hámark 144 keppendur geta tekið þátt í stigamóti unglunga sem skiptist niður í þrjá aldersflokka. Í hverjum aldersflokki verða hámark 48 keppendur þar af verða 36 strákar og 12 stelpur. Ef fjöldi skráðra keppenda fer yfir hámark í hverjum flokki ræður forgjöf því hverjir komast inn í hvern flokk fyrir sig. Þ.e.a.s 36 forgjafar lægstu strákarnir og 12 forgjafar lægstu stelpurnar í þeim flokki komast í mótið. Standi val á milli keppenda með jafnháa forgjöf skal hlutkesti ráða. Ef ekki næst hámarksfjöldi í einhvern ákveðin flokk má einungis bæta við keppendum í sama aldersflokk.

Piltaflokkur	17 – 18 ára	36 keppendur	Gulir teigar	3.000,- kr.
Stúlknaflokkur	17 – 18 ára	12 keppendur	Bláir teigar	3.000,- kr.
Drengjaflokkur	15 – 16 ára	36 keppendur	Gulir teigar	3.000,- kr.
Telpnaflokkur	15 – 16 ára	12 keppendur	Bláir teigar	3.000,- kr.
Strákaflokkur	13 – 14 ára	36 keppendur	Rauðir teigar	2.500,- kr.
Stelpuflokkur	13 – 14 ára	12 keppendur	Rauðir teigar	2.500,- kr.
Samtals		144 keppendur		

Ráshópur 1: Piltaflokkur, Stúlknaflokkur, Telpnaflokkur og Stelpuflokkur.

Ráshópur 2: Drengjaflokkur og Strákaflokkur.

1. teigur, ráshópur 1 (07:30-09:20): Stúlknaflokkur 17–18 ára, Telpnaflokkur 15–16 ára, Stelpuflokkur 13–14 ára
10. teigur, ráshópur 1 (07:30-09:20): Piltaflokkur 17–18 ára

1. teigur, ráshópur 2 (12:00-13.50): Strákaflokkur 13–14 ára
10. teigur, ráshópur 2 (12:00-13.50): Drengjaflokkur 15–16 ára

Skráning og þáttökugjald

Þátttakendur skulu skrá sig í mótið á golf.is fyrir klukkan 20:00 á mánudeginum 17. ágúst 2009. Þáttökugjald er frá 2.500,- krónur í 13-14 ára aldurshópnum og 3.000,- krónur öðrum aldersflokkum. Þáttökugjald fæst einungis endurgreitt séu forföll boðuð eigi síðar en klukkan 18:00 á miðvikudeginum 19. ágúst 2009.

Æfingahringur

Einn æfingahringur án endurgjalds er heimilaður. Keppnisvöllurinn verður opinn til æfinga fyrir skráða keppendur í síðasta lagi einum degi fyrir mót. Vinsamlegast hafið samband við klúbbinn til að panta rástíma.

Verðlaun

Veitt verða verðlaun fyrir 1. – 3. sæti í öllum aldersflokkum

Ef keppendur eru jafnir í fyrsta sæti þá verður leikinn bráðabani en að öðru gilda móta- og keppendareglur GSÍ. Ef keppendur eru jafnir í öðrum sætum skiptast stig og verðlaun jafnt milli þeirra keppenda.

Verðlaunaafhending

Áætlað er að verðlaunaafhending hefjist á sunnudeginum fyrir piltaflokk 17-18 ára klukkan 13:30.

Stúlknaflokk 17 – 18 ára, Telpnaflokk 15 – 16 ára og Stelpuflokk 13 – 14 ára klukkan 15:00.

Fyrir drengjaflokk 15 – 16 ára klukkan 17:00 og strákaflokk 13 – 14 ára klukkan 18:30.

Dórmari/Aðstoðardórmari: Hinrik Gunnar Hilmarsson og Þorsteinn Sv. Stefánsson

Mótsstjórn: Guðmundur Friðrik Sigurðsson, sími: 696-0202, Garðar Eyland, Ómar Friðriksson, Björn Víglundsson og Hinrik G. Hilmarsson.

Hvað skal gera ef kylfingur fer holu í höggi

Að fara holu í höggi er draumur allra kylfinga. Þeir sem slíka snilli hafa sýnt eru þar með orðnir félagar í sérstökum Einherjaklúbbi og geta skartað sérmerktri húfu og pokamerki á vellinum.

7. Sá sem fer "Holu í höggi" er með því að senda gögn in til GSÍ orðinn fullgildur meðlimur í Einherjaklúbbi Íslands.



Þær reglur sem þarf að uppfylla til þess að fá holu í höggi viðurkennda eru eftirfarandi.

1. Kylfingur þarf að hafa leikið minnst 9 holur og vera með minnst einn meðspilara (vitni).
2. Höggið verður að vera það fyrsta sem slegið er af teig í átt að holu.
3. Völlurinn sem afrekið er unnið á verður að hafa viðurkenningu frá GSÍ eða sambærilegum erlendum aðila. Ekki er viðurkennd "Holu í höggi" af þar 3 holu völlum eða áþekktum æfingavöllum. Völlurinn þarf að vera minnst 4.000 metra langur og viðurkenndur af GSÍ.
4. Skorkort verður að fylla rétt út. Á það skal einnig rita nafn, nafn vallar, dagsetningu, heimilisfang og kennitölu leikmannsins.
5. Tilkynna verður um afrekið til klúbbstjórnar eða starfsmanns á þeim golfvelli þar sem það var unnið. **Senda ber eyðublað og ljósrit af skorkorti til skrifstofu Gólf sambands Íslands strax eftir að afrekið var unnið.** Ber leikmanni sjálfum að tryggja að slíkt sé gert.

Sérstakt eyðublað sem ber að fylla út og senda til skrifstofu GSÍ er hægt að hala niður af vefsíðu Einherjaklúbbsins.

6. Í lok hvers árs fá þeir sem fara "Holu í höggi" senda viðurkenningu fyrir afrekið frá Einherjaklúbbum.

Vallarmet

Skilgreining á vallarmeti er almennt séð besta skor úr högggleik frá viðkomandi teig. Þannig að hægt er að ná vallarmeti frá gulum, hvítum teig o.s.frv. Sé vellinum breytt mikið ætti að byrja reikna vallarmet upp á nýtt. Samt sem áður falla gömlu vallarmetin ekki úr gildi en þau voru bestí árangurinn á þeim tíma og velli. Vallarmet ætti ekki að teljast gilt hafi verið leyfð "bætt lega" í staðarreglum.

Öryggi

Kylfingar og áhorfendur, eiga mikið undir því að á golfvöllum sé fyllsta öryggis gætt. Fleiri hundruð barna, unglínga og fullorðinna nýta sér aðstöðu í klúbbhúsi. Úti á golfvellinum leynast líka hættur og eiga þar oft bæði minni og stærri óhöpp sér stað. Gera þarf sérstaka úttekt á öryggismálum golfvallarins með það að markmiði að koma í veg fyrir slys. Mikilvægt er að hafa neyðar- og viðbragðsáætlun.



Golsamband Íslands
Stofnað 1942

Engjavegi 6
104 Reykjavík
Sími: 514-4050
Fax: 514-4051
gsi@golf.is
www.golf.is